

REGLUR

um ársreikninga lífeyrissjóða.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um lífeyrissjóði sem starfa á grundvelli laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997, auk eftirtalinna sérlaga:

- a. laga um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, nr. 155/1998,
- b. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997,
- c. laga um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga, nr. 2/1997 og
- d. laga um Lífeyrissjóð bænda, nr. 12/1999.

Sé ekki annað tekið fram í reglum þessum gilda ákvæði laga um ársreikninga, nr. 3/2006, eftir því sem við á.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í reglum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar: Reikningsskilastaðlar (IAS/IFRS) samkvæmt skilgreiningu 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 sem framkvæmdastjórn ESB hefur samþykkt skv. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002.

Eignarhluti: Hlutdeild lífeyrissjóðs í hlutafélögum, einkahlutafélögum og eigin fé annarra félaga.

Fjármálagerningur: Fjármálagerningur samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007.

Gangvirði: Gangvirði er verðið sem fengist með því að selja eign eða yrði greitt við yfirfærslu á skuld í venjulegum víðskiptum á milli markaðsaðila á matsdegi. Aðferðir við mat á fjármálagerningum til gangvirðis skulu vera í samræmi við settar reikningsskilareglur.

Hlutdeildarfélag: Félag, þó ekki dótturfélag, sem annað félag og dótturfélög þess eiga verulegan eignarhlut í eða hafa myndað varanleg tengsl við í þeim tilgangi að hafa áhrif á rekstur þess; félag er talið eiga verulegan eignarhlut ef það og dótturfélög þess eiga a.m.k. 20% eignarhlut í öðru félagi.

Settar reikningsskilareglur: Reglur sem reikningsskilaráð gefur út og alþjóðlegir reikningsskilastaðlar, sbr. 2. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006.

Skipulegur markaður: Með skipulegum markaði er átt við skipulegan verðbréfamarkað, í skilningi laga um kauphallir, innan aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) og ríkja Evrópska efnahagssvæðisins sem starfar reglulega, er opin almenningi og viðurkenndur með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan, sbr. 36. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997. Sé markaðurinn utan ríkja OECD eða ríkja Evrópska efnahagssvæðisins skal Fjármálaeftirlitið hafa viðurkennt hann.

Virkur markaður: Með virkum markaði er átt við markað þar sem víðskipti með eignir eða skuldbindingar eru nægjanlega tíð og í nægjanlegu magni þannig að verðupplýsingar myndist með viðvarandi hætti.

Sé ekki annað tekið fram hafa hugtök í reglum þessum sömu merkingu og í lögum um ársreikninga, nr. 3/2006.

3. gr.

Samning ársreiknings.

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á samningu ársreiknings fyrir hvert reikningsár og skal ársreikningurinn hafa að geyma yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, sjóðstreymi, yfirlit um tryggingafræðilega stöðu samtryggingardeildar, skýringar og skýrslu stjórnar. Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu samtryggingardeildar skal byggja á trygginga-

fræðilegri athugun á fjárhag sjóðsins sem framkvæmt er af viðurkenndum tryggingastærðfræðingi, sbr. 24. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu undirrita ársreikninginn. Jafnframt skal áritun endurskoðanda fylgja ársreikningnum. Ársreikningurinn með áritun endurskoðanda skal mynda eina heild. Í undirrituninni felst yfirlýsing um að ársreikningurinn sé saminn í samræmi við lög, reglur og settar reikningsskilareglur, eftir því sem við á.

Ef stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri telur að ekki skuli samþykkja ársreikninginn, eða hann hefur mótbáru fram að færa sem hann telur rétt að sjóðfélagar fái vitneskju um, ber honum skylda til að gera grein fyrir því í áritun sinni.

Ársreikningur með undirritun stjórnenda og áritun endurskoðanda skal lagður fram í samræmi við samþykktir lífeyrissjóðs.

Reikningsár lífeyrissjóðs er almanaksárið. Lífeyrissjóður skal bókfæra verðbréfavíðskipti sín á víðskiptadegi, þ.e. þegar hann gerist aðili að samningi.

Sýna skal sérgreint yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning og sjóðstreymi í sérstökum kafla í ársreikningi, fyrir hverja fjárfestingarleið innan sérhverrar deildar sem lífeyrissjóður starfrækir.

4. gr.

Glögg mynd.

Ársreikningur lífeyrissjóðs skal gerður í samræmi við lög, reglur og settar reikningsskilareglur, eftir því sem við á, og gefa glögga mynd af breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, fjárhagsstöðu og breytingu á handbæru fé.

Ef ákvæði laga, reglna þessara eða settra reikningsskilareglna nægja ekki til að gefa glögga mynd af breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, fjárhagsstöðu og breytingu á handbæru fé skal vikið frá þeim í undantekningartilvikum til þess að reikningurinn gefi glögga mynd í skilningi 1. mgr. Í skýringum með ársreikningi skal greina frá slíkum frávikum ásamt ástæðum fyrir þeim og hvaða áhrif þau hafa á breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris og fjárhagsstöðu.

5. gr.

Uppsetning og samanburður milli ára.

Ársreikning skal setja upp samkvæmt reglum þessum. Framsetning á yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikningi, sjóðstreymi og yfirliti um tryggingafræðilega stöðu samtryggingardeildar skal vera í samræmi við form sem birt er í viðauka I. Ársreikningur skal settur upp með hliðstæðum hætti frá ári til árs nema sérstakar aðstæður gefi tilefni til annars. Breytingar skulu tilgreindar og rökstuddar í skýringum.

Við hvern lið í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikningi, sjóðstreymi og yfirliti um tryggingafræðilega stöðu samtryggingardeildar skal sýnd samsvarandi fjárhæð fyrir fyrra reikningsár til samanburðar. Ef liðirnir eru ekki sambærilegir við færslur frá fyrra ári skal aðlaga þær síðarnefndu. Sleppa má að aðlaga samanburðarfjárhæðir ef breyting á starfsemi lífeyrissjóðsins orsakar það að liðir eru ekki fyllilega sambærilegir. Sundurgreindar upplýsingar um fjárhæðir fyrra árs skal gefa í skýringum eftir því sem við á.

Liði í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris og efnahagsreikningi, sem innihalda ekki neina fjárhæð, skal aðeins taka með ef slíkur liður var í reikningsskilum fyrra reikningsárs.

Heimilt er að sameina undirliði samkvæmt formi í viðauka I ef þeir teljast ekki mikilvægir til að gefa glögga mynd af breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, fjárhagsstöðu og breytingu á handbæru fé. Undirliðir teljast ekki mikilvægir ef fjárhæðir þeirra eru mjög óverulegar. Mikilvægi einstakra undirliða skal metið í samhengi við aðra sambærilega undirliði. Gera skal grein fyrir öllum frávikum frá formi samkvæmt viðauka I í skýringum.

Upplýsingar í ársreikningi teljast mikilvægar ef ætla má að það að geta þeirra ekki eða misfærslur hafi veruleg áhrif á lífeyrisréttindi sjóðfélaga í samtryggingardeild, eða ákvarðanir þeirra með tilliti til viðbótarlífeyrissparnaðar í séreignardeild. Þetta á jafnt við þegar upplýsingar eru felldar út á einum stað eða mörgum. Mikilvægi upplýsinga skal metið út frá samhengi við aðrar sambæri-

legar upplýsingar, og geta stærð og eðli úrfellingar eða misfærslna, eða hvort tveggja í sameiningu, haft áhrif á matið.

Breyti lífeyrissjóður um reikningsskilaaðferð á grundvelli ákvæða reglna þessara eða reikningsskilastaðla um slíka breytingu skulu þeir liðir í ársreikningnum, sem það hefur áhrif á, breytast í samræmi við nýja aðferð. Breytast samanburðarfjárhæðir til samræmis við hina nýju aðferð. Gera skal grein fyrir þessum breytingum í skýringum.

Við einstaka liði í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris og efnahagsreikningi skal eftir því sem við á vísa til skýringa, sbr. VI. kafla þessara reglna.

6. gr.

Samstæðureikningsskil.

Ákvæði reglna þessara gilda um samstæðureikning eftir því sem við getur átt.

7. gr.

Birting ársreiknings og fjárfestingarstefnu.

Endurskoðaður ársreikningur skal liggja frammi, og til afhendingar ef óskað er, á afgreiðslustað og heimasíðu sjóðsins eftir samþykkt hans. Senda skal Fjármálaeftirlitinu endurskoðaðan ársreikning lífeyrissjóðs ásamt skýrslu stjórnar þegar eftir undirritun hans og eigi síðar en fjórum mánuðum eftir lok reikningsárs. Fjárfestingarstefna lífeyrissjóðs skal einnig liggja frammi, og til afhendingar ef óskað er, á afgreiðslustað og heimasíðu sjóðsins.

II. KAFLI

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.

8. gr.

Iðgjöld.

Undir lið 1 *Iðgjöld* skal færa heildarfjárhæð iðgjalda og annarra framlaga, greiddra eða ógreiddra, sem skapað hafa réttindakröfur á lífeyrissjóðinn fyrir lok reikningsárs. Iðgjöldin skulu færð að frádregnum endurgreiddum og niðurfelldum iðgjöldum sem ekki skapa réttindi.

Undir lið 1.1 *Iðgjöld sjóðfélaga* skal færa iðgjöld frá sjóðfélögum.

Undir lið 1.2 *Iðgjöld launagreiðenda* skal færa iðgjöld frá launagreiðendum.

Undir lið 1.3 *Réttindaflutningur og endurgreiðslur* skal færa samtölu fjárhæða sem greiddar hafa verið eða móttagnar vegna réttindaflutnings eða endurgreiðslu á iðgjöldum. Verðbóta-tekjur/gjöld af réttindaflutningi færast einnig undir þennan lið.

Undir lið 1.4 *Sérstök aukaframlög* skal færa sérstök viðbótariðgjöld launagreiðenda eða ábyrgðaraðila eða sérstök framlög frá öðrum aðilum, sem líta má á sem viðbótariðgjöld, eins og árlegt fjárframlag ríkissjóðs til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða í samræmi við VI. kafla laga um tryggingagjald, nr. 113/1990. Þegar um séreignardeildir er að ræða skal þó færa viðbótariðgjöld undir tekjulíði 1.1 og 1.2. Í skýringum skal sundurliða þennan lið.

9. gr.

Lífeyrir.

Undir lið 2 *Lífeyrir* skal færa heildarfjárhæð lífeyris auk annarra greiðslna og kostnaðar sem tengist lífeyrisgreiðslum lífeyrissjóðs.

Undir lið 2.1 *Heildarfjárhæð lífeyris* skal færa heildarfjárhæð ellilífeyris, örorkulífeyris, makalífeyris og barnalífeyris á reikningsárinu til lífeyrisþega. Í skýringum skal koma fram sundurliðun lífeyristegunda með samanburði við árið áður.

Undir lið 2.2 *Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs* skal færa lögbundið gjald til starfsendurhæfingarsjóðs á grundvelli 6. gr. laga um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi endurhæfingarsjóða, nr. 60/2012.

Undir lið 2.3 *Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris* skal færa beinan kostnað vegna örorkulífeyris, svo sem vegna örorkumats og endurhæfingar. Í skýringum skal sundurliða þennan lið.

Undir lið 2.4 *Tryggingakostnaður* skal færa kostnað við kaup á tryggingu vegna áhættudreifingar á lífeyrisskuldbindingum sjóðsins.

Undir lið 2.5 *Eftirlaun frá Tryggingastofnun* skal færa greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins vegna eftirlauna.

10. gr.

Hreinar fjárfestingartekjur.

Undir lið 3 *Hreinar fjárfestingartekjur* skal færa allar fjárfestingartekjur sjóðsins að frádregnum öllum fjárfestingargjöldum. Við hvern undirlið skal gera grein fyrir breytingum á gengi gjaldmiðla vegna erlendra eigna.

Undir lið 3.1 *Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum* skal færa tekjur af fjárfestingum lífeyrissjóðs í hlutabréfum og hlutdeildarskírteinum, að frádregnum gjöldum vegna slíkra fjárfestinga önnur en þau sem tilgreina skal undir lið 3.7.

Til tekna samkvæmt lið 3.1 teljast arðgreiðslur af skráðum og óskráðum hlutabréfum félaga og fagfjárfestasjóða, hagnaður af sölu eignarhluta í félögum og sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, breytingar á gangvirði félaga og sjóða um sameiginlega fjárfestingu til hækkunar og hliðstæðar tekjur.

Til gjalda samkvæmt lið 3.1 telst tap af sölu eignarhluta í félögum og sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, breytingar á gangvirði þeirra til lækkunar svo og hliðstæð gjöld.

Í skýringum skal sundurliða breytingar á gangvirði niður á 20 stærstu fjárfestingar í félögum og sjóðum.

Undir lið 3.2 *Hreinar tekjur af skuldabréfum* skal færa tekjur af fjárfestingum lífeyrissjóðs í skuldabréfum, að frádregnum gjöldum vegna slíkra fjárfestinga önnur en þau sem tilgreina skal undir lið 3.7.

Til tekna samkvæmt lið 3.2 teljast vaxtatekjur, verðbætur og lántökuþóknanir af skuldabréfum, hagnaður af sölu skuldabréfa, breytingar á gangvirði skuldabréfa til hækkunar og hliðstæðar tekjur.

Til gjalda samkvæmt lið 3.2 teljast tap af sölu skuldabréfa, breytingar á gangvirði skuldabréfa til lækkunar að meðtalinni varúðarniðurfærslu vegna tapshættu sem kann að vera fyrir hendi á uppgjörsdegi svo og hliðstæð gjöld.

Í skýringum skal sundurliða hreinar tekjur af skuldabréfum eftir matsaðferðum og einstökum skuldabréfaflokkum. Einnig skal í skýringum gera grein fyrir niðurfærslu skuldabréfa, eftir því sem við á.

Undir lið 3.3 *Hreinar tekjur af afleiðusamningum* skal færa tekjur af fjárfestingum lífeyrissjóðs í afleiðusamningum, að frádregnum gjöldum vegna slíkra fjárfestinga önnur en þau sem tilgreina skal undir lið 3.7. Í skýringum skal gera nánari grein fyrir þessum lið, sbr. 35. og 36. gr. þessara reglna.

Undir lið 3.4 *Vaxtatekjur af bundnum bankainnstæðum* skal færa vaxtatekjur vegna banka-innstæðna sem bundnar eru til lengri tíma en þriggja mánaða.

Undir lið 3.5 *Hreinar tekjur af fjárfestingum í íbúðarhúsnæði* skal færa tekjur af fjárfestingum lífeyrissjóðs í íbúðarhúsnæði á grundvelli 36. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, að frádregnum gjöldum vegna slíkra fjárfestinga önnur en þau sem tilgreina skal undir lið 3.7.

Undir lið 3.6 *Aðrar fjárfestingartekjur* skal færa aðrar fjárfestingartekjur en þær sem koma fram í liðum 3.1 – 3.5, sundurliðað samkvæmt liðum 3.6.1 – 3.6.3.

Undir lið 3.6.1 *Vaxtatekjur af handbæru fé* skal færa vaxtatekjur af sjóði og óbundnum innstæðum hjá bönkum og sparissjóðum, að frádregnum vaxtagjöldum.

Undir lið 3.6.2 *Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum* skal færa vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum, að frádregnum vaxtagjöldum.

Undir lið 3.6.3 *Ýmsar fjárfestingartekjur* skal færa fjárfestingartekjur sem ekki falla undir liði 3.1 – 3.5, 3.6.1 og 3.6.2. Undir þennan lið geta m.a. fallið tekjur af eignalið 1.6 *Aðrar fjárfestingar*. Veita skal nánari upplýsingar um þennan lið í skýringum og sundurliða hann, nema um óverulega fjárhæð sé að ræða.

Undir lið 3.7 *Fjárfestingargjöld* skal telja öll fjárfestingargjöld og allar þóknanir fjármála-fyrirtækja og sjóða um sameiginlega fjárfestingu vegna umsýslu og stjórnunar á fjárfestingum lífeyrissjóðs. Undir þennan lið skal einnig færa fjárfestingargjöld sem ekki falla undir liði 3.1 – 3.5,

m.a. gjöld vegna eignaliðar 1.6 *Aðrar fjárfestingar*. Í skýringum skal veita nánari upplýsingar um þennan lið, sundurliða hann og greina frá öllum fjárfestingargjöldum og þóknunum. Jafnframt skal í skýringum greina frá áætlaðri umsýsluþóknun þegar kostnaðarupplýsingar liggja ekki fyrir, t.d. vegna þess að upplýsingar um slíkar þóknarir fást ekki gefnar upp eða kostnaður er innifalinn í gengismuni eða vaxtatekjum viðkomandi sjóða.

11. gr.

Rekstrarkostnaður.

Undir lið 4 *Rekstrarkostnaður* skal færa kostnað vegna reksturs sjóðsins.

Undir lið 4.1 *Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður* skal færa skrifstofu- og stjórnunarkostnað, þ.m.t. kostnað við rekstur fasteigna og afskriftir vegna varanlegra rekstrarfjármuna. Frá skrifstofu- og stjórnunarkostnaði skal draga endurgreiddan kostnað frá aðilum sem standa að lífeyrissjóðnum, svo sem vegna innheimtu iðgjalda stéttarfélags. Í skýringum skal sundurliða þennan lið og gera grein fyrir helstu kostnaðarliðum og endurgreiddum kostnaði.

12. gr.

Aðrar tekjur.

Undir lið 5 *Aðrar tekjur* skal færa tekjur sem ekki eru taldar annars staðar. Í skýringum skal gerð grein fyrir þessum lið nema um óverulega fjárhæð sé að ræða.

13. gr.

Önnur gjöld.

Undir lið 6 *Önnur gjöld* skal færa gjöld sem ekki eru talin annars staðar, s.s. virðisrýrnun krafna sbr. 31. gr. þessara reglna. Í skýringum skal gerð grein fyrir þessum lið nema um óverulega fjárhæð sé að ræða.

III. KAFLI

Efnahagsreikningur.*Eignir.*

14. gr.

Fjárfestingar.

Undir lið 1 *Fjárfestingar* skal færa allar fjárfestingar lífeyrissjóðs sundurliðað eftir því hvort um er að ræða eignarhluti í félögum og sjóðum, skuldabréf, afleiðusamninga, bundnar bankainnstæður, fjárfestingar í íbúðarhúsnæði eða aðrar fjárfestingar.

Undir lið 1.1 *Eignarhlutir í félögum og sjóðum* skal færa hlutabréf og hlutdeildarskírteini. Í skýringum skal gera nánari grein fyrir þessum lið, sbr. 35. og 43. gr. þessara reglna.

Undir lið 1.2 *Skuldabréf* skal færa skuldabréf. Undir þennan lið skal m.a. færa útlán, þ.m.t. áfallna vexti, sem veitt eru gegn veði í fasteign og lausafé sem tryggingu fyrir greiðslu. Í skýringum skal gera nánari grein fyrir þessum lið, m.a. með því að sundurliða skuldabréf eftir því hvort þau eru metin á gangvirði eða á afskrifuðu kostnaðarverði, sbr. 27., 28., 35. og 43. gr. þessara reglna. Í skýringum skal einnig gera grein fyrir skiptingu veðlána til sjóðfélaga annars vegar og annarra hins vegar.

Undir lið 1.3 *Afleiðusamningar* skal færa afleiðusamninga sem eru í jákvæðri stöðu. Í skýringum skal gera nánari grein fyrir þessum lið, sbr. 35. og 36. gr.

Undir lið 1.4 *Bundnar bankainnstæður* skal færa innlán í bönkum og sparissjóðum sem bundin eru til lengri tíma en þriggja mánaða. Handbært fé og óbundnar innstæður skal færa undir lið 4 *Handbært fé*.

Undir lið 1.5 *Fjárfestingar í íbúðarhúsnæði* skal færa allar fjárfestingar lífeyrissjóðs í íbúðarhúsnæði á grundvelli 36. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997. Í skýringum skal gera nánari grein fyrir þessum lið.

Undir lið 1.6 *Aðrar fjárfestingar* skal færa allar fjárfestingar sem ekki falla undir liði 1.1 – 1.5. Hér skal færa húseignir og lóðir sem tekin eru til fullnustu greiðslu. Í skýringum skal gera nánari grein fyrir skiptingu og breytingu á þessum lið.

Framangreindar sundurliðanir skulu ná til hvernar fjárfestingarleiðar innan sérhvernar deildar sem lífeyrissjóður starfrækir.

15. gr.

Kröfur.

Undir lið 2.1 *Kröfur á dóttur- og hlutdeildarfélög* skal færa heildarfjárhæð krafna á dóttur- og hlutdeildarfélög sem ekki falla undir lið 2.2. Í skýringum skal sundurgreina þessar kröfur eftir eðli þeirra.

Undir lið 2.2 *Kröfur á launagreiðendur* skal færa heildarfjárhæð krafna á launagreiðendur svo sem iðgjaldakröfur, endurkröfur, verðbréf og kröfur vegna samninga um greiðslur. Verðbréf og samninga til lengri tíma skal færa undir viðeigandi liði fjárfestinga.

Undir lið 2.3 *Fyrirframgreiddur kostnaður og áunnar tekjur* skal færa gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari ár, og tekjur sem varða reikningsárið en innheimtast eftir lok þess. Áunna vexti skal þó færa með viðeigandi eignaliðum. Ef þessi liður nemur verulegum fjárhæðum skal sundurliða hann í skýringum.

Undir lið 2.4 *Aðrar kröfur* skal færa kröfur sem ekki falla undir aðra liði. Þegar um verulegar fjárhæðir er að ræða skal gerð grein fyrir þeim í skýringum.

16. gr.

Ýmsar eignir.

Undir lið 3.1 *Óefnislegar eignir* skal, að uppfylltum ákvæðum settra reikningsskilareglna er varðar framtíðarmöguleika til tekjuöflunar, telja til eignar þróunarkostnað og óefnisleg réttindi, svo sem einkaleyfi, einkarétt, vörumerki og þess háttar réttindi. Kostnað við stofnun sjóðsins má ekki eignfæra.

Undir lið 3.2 *Varanlegir rekstrarfjármunir* skal færa rekstrarfjármuni og efnislegar eignir svo sem húseignir og lóðir til eigin nota, innréttingar, áhöld og búnað og fyrirframgreiðslur vegna þeirra. Í skýringum skal gera nánari grein fyrir þessum lið, sbr. einnig 42. gr. þessara reglna.

Undir lið 3.3 *Aðrar eignir* skal færa eignir sem notaðar eru í rekstri sjóðsins en falla ekki undir liði 3.1 og 3.2. Nánari grein skal gerð fyrir þessum lið í skýringum nemi hann verulegri fjárhæð.

17. gr.

Handbært fé.

Undir lið 4 *Handbært fé* skal færa sjóð og innstæður hjá bönkum og sparisjóðum sem ekki falla undir lið 1.4 *Bundnar bankainnstæður*.

Skuldir.

18. gr.

Viðskiptaskuldir.

Undir lið 5.1 *Skuldir við dóttur- og hlutdeildarfélög* skal færa heildarfjárhæð skulda, þ.m.t. áfallna vexti, við dóttur- og hlutdeildarfélög. Í skýringum skal sundurgreina þessar skuldir eftir félögum sem um ræðir.

Undir lið 5.2 *Skuldir við lánastofnanir* skal færa allar skuldir sjóðsins aðrar en afleiðuskuldir, þ.m.t. áfallna vexti, við lánastofnanir. Þegar um verulegar fjárhæðir er að ræða skal gerð grein fyrir þeim í skýringum.

Undir lið 5.3 *Afleiðuskuldir* skal færa afleiðusamninga sem eru í neikvæðri stöðu. Í skýringum skal gera nánari grein fyrir þessum lið, sbr. 35. og 36. gr.

Undir lið 5.4 *Ógreiddur gjaldfallinn lífeyrir* skal færa ógreiddan gjaldfallinn lífeyri í árslok.

Undir lið 5.5 *Áfallinn kostnaður og fyrirframinnheimtar tekjur* skal færa gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, og tekjur sem innheimtar hafa verið á reikningsárinu en varða síðari reikningsár og falla ekki undir aðra liði. Áfallna vexti skal þó færa með viðeigandi skulдалиðum. Verulegar fjárhæðir undir þessum lið skal sundurgreina í skýringum.

Undir lið 5.6 *Aðrar skuldir* skal færa skuldir sem ekki falla undir aðra liði. Þegar um verulegar fjárhæðir er að ræða skal gerð grein fyrir þeim í skýringum.

19. gr.

Skuldbindingar utan efnahags.

Vegna liðar 6 *Skuldbindingar utan efnahags* skal í skýringum veita upplýsingar um skuldbindingar sem ekki eru tilfærðar í efnahagsreikningi, sbr. 45. gr. þessara reglna. Undir þennan lið falla ekki lífeyrisskuldbindingar.

IV. KAFLI
Sjóðstreymi.

20. gr.

Innihald sjóðstreymis.

Í yfirliti um sjóðstreymi skal færa inn- og útgreiðslur á árinu flokkaðar í inngreiðslur, útgreiðslur og fjárfestingarhreyfingar, sbr. form í viðauka I. Ennfremur skal yfirlitið sýna sérstaklega breytingar á handbæru fé og handbært fé við upphaf og lok reikningsárs.

21. gr.

Inngreiðslur.

Undir lið 1 *Inngreiðslur* skal sýna með sundurgreindum hætti inngreiðslur sem stafa frá eftirtöldum liðum:

- a. *Iðgjöld* skv. lið 1 í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris,
- b. *Vaxtatekjur af handbæru fé* skv. lið 3.6.1 og *Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum* skv. lið 3.6.2 í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, og
- c. allar aðrar innborganir sem stafa frá einstökum liðum á yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris og efnahagsreikningi og koma ekki fram í lið 3 *Fjárfestingarhreyfingar*, sbr. 23. gr. þessara reglna.

22. gr.

Útgreiðslur.

Undir lið 2 *Útgreiðslur* skal sýna með sundurgreindum hætti útgreiðslur sem stafa frá eftirtöldum liðum:

- a. *Lífeyrir* skv. lið 2 í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris,
- b. *Rekstrarkostnaður* skv. lið 4 í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris,
- c. *Fjárfesting í rekstrarfjármunum* skv. lið 3.2 í efnahagsreikningi, og
- d. allar aðrar útborganir sem stafa frá einstökum liðum á yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris og efnahagsreikningi og koma ekki fram í lið 3 *Fjárfestingarhreyfingar*, sbr. 23. gr. þessara reglna.

23. gr.

Fjárfestingarhreyfingar.

Undir lið 3 *Fjárfestingarhreyfingar* skal sýna inn- og útgreiðslur, sem stafa frá kaupum eða sölu á verðbréfum og öðrum fjárfestingum sem tilgreindar eru undir fjárfestingum samkvæmt yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris og efnahagsreikningi.

Undir liðum 3.1 – 3.3 skal sýna inn- og útgreiðslur sem stafa frá eignarhlutum í félögum og sjóðum skv. lið 1.1 í efnahagsreikningi og lið 3.1 í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, sundurgreint eftir keyptum og seldum eignarhlutum annars vegar og innborguðum tekjum, s.s. arðgreiðslum, hins vegar.

Undir liðum 3.4 – 3.6 skal sýna inn- og útgreiðslur sem stafa frá skuldabréfum skv. lið 1.2 í efnahagsreikningi og lið 3.2 í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, sundurgreint eftir keyptum og seldum skuldabréfum annars vegar og afborgunum á höfuðstól og vöxtum skuldabréfa hins vegar.

Undir lið 3.7 skal sýna inn- og útgreiðslur sem stafa frá uppgjöri afleiðusamninga, sbr. liði 1.3 og 5.3 í efnahagsreikningi og lið 3.3 í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.

Undir liðum 3.8 – 3.9 skal sýna inn- og útgreiðslur sem stafa frá breytingum á lið 1.4 í efnahagsreikningi, sundurgreint eftir nýjum bundnum innlánnum og endurgreiddum bundnum innlánnum.

Undir liðum 3.10 – 3.13 skal sýna inn- og útgreiðslur sem stafa frá lið 1.5 í efnahagsreikningi og lið 3.5 í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, sundurgreint eftir kaupum og sölu í íbúðarhúsnæði. Gera skal ennfremur grein fyrir innborguðum tekjum og greiddum gjöldum vegna reksturs íbúðarhúsnæðis, hvort sem þær stafa af fjárfestingum í íbúðarhúsnæði eða vegna fullnustu-eigna, sbr. lið 1.6 í efnahagsreikningi.

Undir liðum 3.14 – 3.15 skal sýna inn- og útgreiðslur sem stafa frá keyptum og seldum fjárfestingum, öðrum en þeim sem falla undir liði 3.1 – 3.13 samkvæmt þessari grein.

V. KAFLI

Matsreglur.

24. gr.

Almennar reglur.

Við mat á einstökum liðum ársreikningsins skal farið eftir ákvæðum V. kafla þessara reglna. Ef veruleg óvissa er um mat skal greina sérstaklega frá því í skýringum. Hliðstæðum aðferðum skal beitt við matið frá ári til árs, nema ef ný aðferð gefur gleggri mynd og veitir áreiðanlegri upplýsingar en fyrri aðferðir. Breyting á aðferð telst breyting á reikningshaldslegu mati.

25. gr.

Matsaðferðir vegna fjárfestinga.

Beita skal sömu matsaðferðum innan sama liðar ársreiknings þegar um fjárfestingar er að ræða, að undanskildum fjármálagerningum skv. 27. og 28. gr. þessara reglna. Í skýringum skal greint frá þeim matsaðferðum sem beitt er við hvern lið fjárfestinga.

26. gr.

Mat fjármálagerninga.

Fjármálagerninga, þ.m.t. eignarhluti í dóttur- og hlutdeildarfélagum, aðra en þá sem tilgreindir eru í 27. gr. þessara reglna, skal meta á gangvirði. Mat á fjármálagerningum sem metnir eru á gangvirði skal vera í samræmi við settar reikningsskilareglur.

Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar er lífeyrissjóði heimilt að færa skuldabréf sem er haldið til gjalddaga, í samræmi við 28. gr. þessara reglna.

27. gr.

Útlán til sjóðfélaga.

Færa skal útlán til sjóðfélaga og önnur útlán til eignar miðað við þau vaxtakjör sem um var samið þegar bréfið var keypt eða mótttekið.

Útlán til sjóðfélaga og önnur útlán skal færa með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun á reikningsskiladegi. Verðbætur skal miða við viðeigandi vísitölu næsta mánaðar eftir lok reikningsárs. Skuldabréf í erlendum gjaldmiðli skal færa á kaupgengi gjaldmiðils í lok reikningsárs.

Við mat á útlánnum og öðrum skuldabréfum sem metin eru á kostnaðarverði skal taka tillit til þeirrar tapsáhættu sem kann að vera fyrir hendi á uppgjörssdegi og færa í afskriftarreikning niðurstöðu slíks mats. Afskriftarreikninginn skal draga frá útlánnum til sjóðfélaga í efnahagsreikningi. Tapsáhætta skal metin í samræmi við settar reikningsskilareglur. Færa skal niðurfærsluna undir lið 3.2 *Hreinar tekjur af skuldabréfum* í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.

28. gr.

Skuldabréfi haldið til gjalddaga.

Heimilt er að færa skuldabréf sem er haldið til gjalddaga í samræmi við 27. gr. þessara reglna.

Ásetning um að halda skuldabréfi til gjalddaga skal byggja á skjalfestum áætlunum, stefnum og verklagsreglum sem lífeyrissjóður setur vegna fjárfestinga í skuldabréfum.

Lífeyrissjóður, sem færir skuldabréf í samræmi við 27. gr., skal við kaupdag skuldabréfs tilgreina hvort hann ætli sér að halda því til gjalddaga. Skuldabréf sem lífeyrissjóður tilgreinir að verði

haldið til gjalddaga er óheimilt að meta á gangvirði eftir kaupdag. Ennfremur er óheimilt að færa skuldabréf úr gangvirðismati yfir í að vera haldið til gjalddaga.

Í skýringum skal sundurliða skuldabréf sem er haldið til gjalddaga og tilgreina gangvirði þeirra.

29. gr.

Fjárfestingar í íbúðarhúsnæði og fullnustueignir.

Fjárfestingar í íbúðarhúsnæði samkvæmt lið 1.5 í efnahagsreikningi skulu færðar á gangvirði. Húseignir og lóðir sem tekin eru til fullnustu greiðslu, sbr. lið 1.6 í efnahagsreikningi, skulu færðar á gangvirði þeirra eða kostnaðarverði, hvoru sem lægra reynist.

30. gr.

Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir.

Varanlega rekstrarfjármuni samkvæmt lið 3.2 í efnahagsreikningi skal færa á afskrifuðu kostnaðarverði. Varanlegir rekstrarfjármunir, sem nýtast takmarkaðan tíma vegna aldurs, úreldingar eða slits eða af hliðstæðum ástæðum, skulu afskrifaðir árlega á kerfisbundinn hátt á áætluðum nýtingartíma þeirra í samræmi við settar reikningsskilareglur.

Ef gangvirði varanlegra rekstrarfjármuna er lægra en bókfært verð þeirra og ástæður þess verða ekki taldar skammvinnar ber að færa bókfært verð þeirra niður að því marki sem telja verður nauðsynlegt samkvæmt settum reikningsskilareglum. Ef ástæður lækkunarinnar eiga ekki lengur við ber að færa bókfært verð þeirra upp að því marki að engin virðisrýrnun hefði átt sér stað.

Óefnislegar eignir skulu færðar á afskrifuðu kostnaðarverði. Óefnislegar eignir skal afskrifa árlega á áætluðum nýtingartíma þeirra. Ef gangvirði óefnislegra eigna er lægra en afskrifað kostnaðarverð og ástæður þess verða ekki taldar skammvinnar, ber að færa verð þeirra niður að því marki sem telja verður nauðsynlegt samkvæmt settum reikningsskilareglum.

Gera skal grein fyrir afskriftum og niðurfærslum samkvæmt þessari grein í skýringum.

31. gr.

Mat á virði krafna.

Á hverjum reikningsskiladegi skal meta kröfur með hliðsjón af virðisrýrnun og færa í afskriftar-reikning samkvæmt niðurstöðu slíks mats. Afskriftarreikningur skal myndaður með tilliti til aðferða settra reikningsskilareglna og taka tillit til einstakra útlána og fjárfestinga sem og safns útlána og fjárfestinga. Afskriftarreikninginn skal draga frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi. Færa á virðisrýrnunina undir lið 6 *Önnur gjöld* í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris og gera grein fyrir henni í skýringum.

32. gr.

Umreikningur í íslenskar krónur.

Eignir og skuldir í erlendri mynt skulu umreiknaðar í íslenskar krónur á opinberu gengi í lok reikningsárs. Nota skal opinbert gengi sem Seðlabanki Íslands auglýsir, kaupgengi fyrir eignir og sölugengi fyrir skuldir.

VI. KAFLI

Skýringar.

Almenn ákvæði.

33. gr.

Gera skal grein fyrir þeim reikningsskilaaðferðum sem beitt er við mat á hinum ýmsu liðum ársreiknings. Einnig skal tilgreina það gengi sem miðað er við þegar einstakir liðir eru umreiknaðir úr öðrum gjaldmiðli í íslenskar krónur.

34. gr.

Í skýringum skal m.a. veita upplýsingar um eftirtalda liði eins og nánar er kveðið á um í II. og III. kafla þessara reglna.

Í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris:

Sérstök aukaframlög, sbr. lið 1.4,
 Lífeyrir, sbr. lið 2.1,
 Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris, sbr. lið 2.3,
 Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum, sbr. lið 3.1,
 Hreinar tekjur af skuldabréfum, sbr. lið 3.2,
 Hreinar tekjur af afleiðusamningum, sbr. lið 3.3,
 Hreinar tekjur af fjárfestingum í íbúðarhúsnaði, sbr. lið 3.5,
 Ýmsar fjárfestingartekjur, sbr. lið 3.6.3,
 Fjárfestingargjöld, sbr. lið 3.7,
 Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður, sbr. lið 4.1,
 Aðrar tekjur, sbr. lið 5 og
 Önnur gjöld, sbr. lið 6.

Í efnahagsreikningi:

Eignarhlutir í félögum og sjóðum, sbr. lið 1.1,
 Skuldabréf, sbr. lið 1.2,
 Afleiðusamningar, sbr. lið 1.3,
 Aðrar fjárfestingar, sbr. lið 1.6,
 Kröfur á dóttur- og hlutdeildarfélög, sbr. lið 2.1,
 Fyrirframgreiddur kostnaður og áunnar tekjur, sbr. lið 2.3,
 Aðrar kröfur, sbr. lið 2.4,
 Varanlegir rekstrarfjármunir, sbr. lið 3.2,
 Aðrar eignir, sbr. lið 3.3,
 Skuldir við dóttur- og hlutdeildarfélög, sbr. lið 5.1,
 Skuldir við lánastofnanir, sbr. lið 5.2,
 Afleiðuskuldir, sbr. lið 5.3,
 Áfallinn kostnaður og fyrirframinnheimtar tekjur, sbr. lið 5.5,
 Aðrar skuldir, sbr. lið 5.6 og
 Skuldbindingar utan efnahags, sbr. lið 6.

Við einstaka liði ársreikningsins skal vísað til viðeigandi skýringa.

35. gr.

Veita skal eftirfarandi upplýsingar þegar fjármálagerningar eru metnir til gangvirðis skv. 26. gr.:

1. Helstu forsendur sem liggja að baki matslíkönum og matsaðferðum þegar gangvirði er ákvarðað.
2. Breytingar á gangvirði fyrir hvern flokk fjármálagerninga samkvæmt sundurliðun hreinna fjárfestingartekna í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.
3. Umfang og eðli hvers flokks afleiðusamninga, þ.m.t. mikilvægi skilmála og skilyrði sem gætu haft áhrif á fjárhæð, tímasetningu og áreiðanleika framtíðarfjárstreymis.
4. Í skýringum skal birta töflu yfir fjármálagerninga sem færðir eru á gangvirði, er sýnir þrepa-skiptingu gangvirðis samkvæmt settum reikningsskilareglum sundurliðað fyrir fjáreignir og fjárskuldir.
5. Í skýringum skal birta töflu sem sýnir bókfært virði fjáreigna og fjárskulda, sundurliðað eftir útlánnum, kröfum og skuldum á afskrifuðu kostnaðarverði.

36. gr.

Gera skal grein fyrir afleiðuviðskiptum þar sem sérstaklega komi fram, fyrir hverja tegund viðskipta, fjárhæðir samninga og áhrif þeirra á ársreikninginn. Þá skal koma fram í hvaða tilgangi þeir eru gerðir svo sem til að draga úr áhrifum vaxtabreytinga, gengisbreytinga eða breytinga á markaðsverði.

37. gr.

Tilgreina skal nöfn, heimilisföng og félagsform dótturfélaga og hlutdeildarfélaga. Geta skal hlutdeildar í hverju þeirra, eigin fjár þeirra samtals og rekstrarniðurstöðu samkvæmt síðasta ársreikningi. Ekki er nauðsynlegt að veita þessar upplýsingar ef þær hafa óverulega þýðingu.

38. gr.

Tilgreina skal nöfn, heimilisföng og form félaga með ótakmarkaðri ábyrgð ef sjóðurinn er aðili að slíku félagi.

39. gr.

Hafi lífeyrissjóður sett eignir að veði skal veita upplýsingar um fjárhæð veðsetninganna og bókfært verð veðsettra eigna, sundurliðað eftir eignum. Heildartryggingar í þágu dótturfélaga og annarra félaga innan sömu samstæðu skulu tilgreindar sérstaklega.

40. gr.

Í skýringum skal tilgreina heildarfjárhæð launa og þóknana til stjórnar, endurskoðunarnefndar og stjórnenda lífeyrissjóðs vegna starfa í þágu sjóðsins. Upplýsingarnar skulu sérgreindar á einstaka stjórnarmenn og stjórnendur. Með stjórnendum er átt við aðila, einn eða fleiri, sem ráðinn er af stjórn eða framkvæmdastjóra lífeyrissjóðs til að bera ábyrgð á daglegum rekstri sjóðsins eða einstökum hlutum af daglegum rekstri, s.s. eignastýringu. Með launum og þóknunum er auk beinna launa átt við hvers konar starfstengd hlunnindi svo sem bifreiða- og húsaleiguhlunnindi og aukið mótframlag í séreignarsjóð. Með störfum í þágu lífeyrissjóðs er m.a. átt við störf sem viðkomandi gegnir í krafti eignaraðildar lífeyrissjóðsins að dóttur- eða hlutdeildarfélögum, sem og setu í nefndum og stjórnnum sem hann er tilnefndur í af hálfu lífeyrissjóðsins, þótt þóknanir fyrir þau störf séu ekki greidd af lífeyrissjóðnum sjálfum.

41. gr.

Í skýringum skal veita upplýsingar um þóknun til endurskoðanda / endurskoðunarfélags, sem annast ytri endurskoðun lífeyrissjóðsins. Upplýsingar skal sundurliða í þóknun fyrir endurskoðun, könnun og aðra staðfestingarvinnu annars vegar og fyrir aðra þjónustu hins vegar.

Í skýringum skal veita upplýsingar um þóknun til endurskoðanda / endurskoðunarfélags / aðila sem hlotið hefur viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins á grundvelli 2. mgr. 34. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, sem annast innri endurskoðun lífeyrissjóðsins. Upplýsingar skal sundurliða í þóknun fyrir innri endurskoðun annars vegar og fyrir aðra þjónustu hins vegar.

Í skýringum skal veita upplýsingar um þóknun til tryggingastærðfræðings, sundurliðað í þóknun fyrir útreikninga á tryggingafræðilegri stöðu annars vegar og fyrir aðra þjónustu hins vegar.

Eignaliðir.

42. gr.

Upplýsa skal um síðasta opinbert fasteignamat fasteigna og vátryggingarverðmæti varanlegra rekstrarfjármuna, sbr. liði 1.5 *Fjárfestingar í íbúðarhúsnæði*, 1.6 *Aðrar fjárfestingar* og 3.2 *Varanlegir rekstrarfjármunir* í efnahagsreikningi.

Gera skal grein fyrir bókfærðu verði húseigna og lóða sem lífeyrissjóðurinn hefur til eigin nota. Noti sjóðurinn hluta húseignar skal reikna verðið hlutfallslega.

43. gr.

Í skýringum skal gera grein fyrir skiptingu fjárfestinga í heild eftir helstu gjaldmiðlum.

Sundurliða skal í skýringum eign í hlutabréfum og hlutdeildarskírteinum skv. lið 1.1 *Eignarhlutir í félögum og sjóðum* í efnahagsreikningi eftir félögum eða sjóðum. Tilgreina skal hvort félagið eða sjóðurinn er skráður á skipulegum markaði og greina frá eignarhlutdeild í hverju félagi/sjóði ásamt markaðsverði og kostnaðarverði. Ekki er nauðsynlegt að sundurliða eign þar sem eignarhlutdeild í einstökum félögum/sjóðum er undir 2% af útgefnum hlutum eða hlutabréfum nema

upplýsingarnar hafi verulega þýðingu. Þrátt fyrir 3. málsl. 2. mgr. skal lífeyrissjóður ávallt sundurliða í skýringum eign í hlutabréfum og hlutum skv. 1. málsl., nemi eignarhluturinn meira en 5% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris.

Skuldaliðir og aðrar skuldbindingar.

44. gr.

Greina skal frá samningum sem gerðir hafa verið við stjórn, framkvæmdastjóra og starfsmenn um eftirlaun og hliðstæð réttindi, og tilgreina heildarfjárhæðir. Áfallnar skuldbindingar sjóðsins vegna þessa skulu sundurliðaðar á stjórn, framkvæmdastjóra og aðra stjórnendur annars vegar og aðra starfsmenn hins vegar.

45. gr.

Veita skal upplýsingar um aðrar skuldbindingar sem ekki eru tilfærðar í efnahagsreikningi, að því leyti sem það skiptir máli við mat á fjárhagsstöðu. Hafi sjóðurinn skuldbundið sig til fjárfestinga eða gert leigusamninga sem nema verulegum fjárhæðum skulu slíkar skuldbindingar tilgreindar sérstaklega.

46. gr.

Forsendur fyrir útreikningi tryggingastærðfræðings á tryggingafræðilegri stöðu.

Gera skal í skýringum með ársreikningi grein fyrir meginforsendum tryggingastærðfræðings við útreikninga á tryggingafræðilegri stöðu lífeyrissjóðsins og þeim breytingum sem verða á milli núverandi og síðasta reikningsárs.

47. gr.

Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu samtryggingardeildar.

Í skýringum skal gera grein fyrir breytingum á tryggingafræðilegri stöðu og áföllnum lífeyris-skuldbindingum samtryggingardeildar í sérstöku yfirliti samkvæmt niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar, sbr. eftirfarandi sundurliðun.

Yfirlit um breytingar á tryggingafræðilegri stöðu samtryggingardeildar árið 20xx

	<u>20xx</u>	<u>20xx - 1</u>
Eignir		
Endurmetin eign til tryggingafræðilegs uppgjors í árslok		
Endurmetin eign til tryggingafræðilegs uppgjors í ársbyrjun	_____	_____
Hækkun/lækkun endurmetinnar eignar á árinu	_____	_____
Skuldbindingar		
Skuldbindingar í árslok		
Skuldbindingar í ársbyrjun	_____	_____
Hækkun/lækkun skuldbindinga á árinu	_____	_____
Breyting á tryggingafræðilegri stöðu á árinu	<u>0</u>	<u>0</u>

Yfirlit um breytingar á áföllnum lífeyrisskuldbindingum samtryggingardeildar árið 20xx

Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í ársbyrjun
Hækkun lífeyrisskuldbindinga vegna vaxta og verðbóta
Hækkun áunninna réttinda vegna iðgjalda ársins
Lækkun vegna greidds lífeyris á árinu

Hækkun vegna nýrra lífslíkatakaflna	_____	_____
Hækkun/lækkun vegna annarra breytinga	_____	_____
Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í árslok	0	0

48. gr.

Áhættuþættir í starfsemi og áhættustýring.

Í skýringum skal gera grein fyrir þeirri áhættu sem felst í starfsemi lífeyrissjóðsins og þeim aðferðum sem sjóðurinn beitir við eftirlit og stýringu á þeirri áhættu. Hér er meðal annars átt við fjárhagslega áhættu (markaðsáhættu) þ.e. gjaldeyrisáhættu, vaxtaáhættu og aðra verðáhættu, mót-aðilaáhættu, rekstraráhættu, lausafjáraáhættu og lífeyristryggingaráhættu, sbr. leiðbeinandi tilmæli um áhættustýringu (eftirlitskerfi) samtryggingardeilda lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar.

Ennfremur skal í skýringum veita upplýsingar um eðli og umfang áhættu sem stafar frá fjármálagerningum og skuldbindingum sjóðsins. Annars vegar eigindlegar (e. qualitative) skýringar um hvern áhættuflokk og hvernig áhættunni er stjórnað og hins vegar meginlegar (e. quantitative) skýringar um hvern áhættuflokk, sundurliðað eftir markaðs-, útlána-, lausafjár- og lífeyristryggingaráhættu að meðtalinni næmnigreiningu.

Kennitölur.

49. gr.

Ársreikningur skal hafa að geyma yfirlit með helstu niðurstöðutölum og kennitölum úr rekstri og efnahag sjóðsins í heild á reikningsárinu og samsvarandi upplýsingum fjögurra undangenginna reikningsára.

Í yfirlitinu skulu eftirtaldir liðir koma fram:

1. *Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt samtryggingardeildar:*

a. Hrein eign umfram heildarskuldbindingar %

b. Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar %

Með hreinni eign umfram heildarskuldbindingar í % er átt við endurmetna hreina eign til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðariðgjalda umfram heildarskuldbindingar í hlutfalli af heildarskuldbindingum.

Með hreinni eign umfram áfallnar skuldbindingar í % er átt við endurmetna hreina eign til greiðslu lífeyris umfram áfallnar skuldbindingar í hlutfalli af áföllnum skuldbindingum.

2. *Hrein raunávöxtun.*

Hjá lífeyrissjóði sem reiknar daglegt gengi eigna er raunávöxtun reiknuð samkvæmt eftirfarandi formúlu:

$$r = \frac{1 + i}{(1 + j)} - 1$$

þar sem r táknar hreina raunávöxtun; i táknar breytingu á gengi sjóðsins á árinu og j táknar hækkun vísitölu á árinu.

Hjá lífeyrissjóði sem reiknar ekki daglegt gengi eigna er hrein raunávöxtun reiknuð samkvæmt eftirfarandi formúlu:

$$r = \frac{1 + i}{(1 + j)} - 1$$

þar sem r táknar hreina raunávöxtun; i táknar ávöxtun eigna sbr. sérstaka formúlu hér á eftir og j táknar hækkun vísitölu á árinu.

Formúla fyrir ávöxtun eigna er eftirfarandi:

$$i = \frac{2(F - K)}{(A + B - (F - K))}$$

þar sem F tákna hreinar fjárfestingartekjur, sbr. lið 3; K tákna rekstrarkostnað, sbr. lið 4, að viðbættum gjöldum, sbr. lið 6, en að frádrögnum tekjum, sbr. lið 5; A tákna hreina eign til greiðslu lífeyris frá fyrra ári og B tákna hreina eign til greiðslu lífeyris í árslok samkvæmt yfirliti yfir hreina eign til greiðslu lífeyris.

3. *Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára.*

Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára, skv. eftirfarandi formúlu:

$$r = \sqrt[5]{(1 + r_1)(1 + r_2) \dots (1 + r_5)} - 1$$

4. *Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 10 ára.*

Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 10 ára, skv. eftirfarandi formúlu:

$$r = \sqrt[10]{(1 + r_1)(1 + r_2) \dots (1 + r_{10})} - 1$$

5. *Hlutfallsleg skipting fjárfestinga.*

Heildarfjárhæð fjárfestinga, skv. lið 1 í efnahagsreikningi, skipt hlutfallslega niður á skráða og óskráða eignarhluti í félögum og sjóðum, skráð og óskráð skuldabréf, afleiðusamninga, bundnar bankainnstæður og aðrar fjárfestingar. Tilgreint með eftirfarandi hætti:

- Skráðir eignarhlutir í félögum og sjóðum %
- Skráð skuldabréf %
- Óskráðir eignarhlutir í félögum og sjóðum %
- Óskráð skuldabréf %
- Afleiðusamningar %
- Bundnar bankainnstæður %
- Fjárfestingar í íbúðarhúsnæði %
- Aðrar fjárfestingar %

6. *Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum.*

Heildarfjárhæð fjárfestinga, skv. lið 1 í efnahagsreikningi, skipt hlutfallslega niður á eignir í íslenskum krónum annars vegar og eignir í erlendum gjaldmiðlum samtals hins vegar. Tilgreint með eftirfarandi hætti:

- Eignir í íslenskum krónum %,
- Eignir í erlendum gjaldmiðlum samtals %

7. *Fjöldi virkra sjóðfélaga.*

Þ.e. meðaltal fjölda sjóðfélaga sem greiddi iðgjald á reikningsárinu.

8. *Fjöldi sjóðfélaga í árslok*

Þ.e. heildarfjöldi sjóðfélaga sem á réttindi í sjóðnum í árslok.

9. *Fjöldi lífeyrisþega.*

Þ.e. meðaltal fjölda lífeyrisþega sem fékk greiddan lífeyri á reikningsárinu.

10. *Hlutfallsleg skipting lífeyris.*

Heildarfjárhæð lífeyris samkvæmt yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, skipt hlutfallslega niður á ellilífeyri, örorkulífeyri, makalífeyri og barnalífeyri með eftirfarandi hætti:

- Ellilífeyrir %
- Örorkulífeyrir %
- Makalífeyrir %
- Barnalífeyrir %

11. *Stöðugildi.*
Þ.e. meðaltal stöðugilda lífeyrissjóðsins á reikningsskilaárinu.
12. *Iðgjöld alls (á föstu verðlagi).*
13. *Lífeyrir alls (á föstu verðlagi).*
14. *Hreinar fjárfestingartekjur alls (á föstu verðlagi).*
15. *Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður alls (á föstu verðlagi).*
16. *Hækkun (lækkun) á hreinni eign (á föstu verðlagi).*
Við útreikning á föstu verðlagi vegna töluliða 12 – 16, skal miða við vísitölu neysluverðs á uppgjörssdegi.
17. *Lífeyrisbyrði.*
Lífeyrisbyrði skal reikna sem hlutfall milli lífeyris og iðgjaldatekna.
18. *Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður (alls) í % af iðgjöldum.*
19. *Hreinar fjárfestingartekjur í % af meðalstöðu eigna.*
20. *Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður í % af meðalstöðu eigna.*

Upplýsingar samkvæmt 1. – 20. tölulið 2. mgr. skulu eins og frekast er unnt vera sambærilegar milli ára. Þess skal getið sérstaklega ef svo er ekki og ástæðna þess. Sé ekki unnt að birta tölur sem bera má saman milli ára er heimilt að birta yfirlit yfir skemmra tímabil en fimm ár.

Tilvísun til einstakra tekju- og gjaldaliða miðast við þá liði sem fram koma í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris sbr. viðauka I.

VII. KAFLI

Skýrsla stjórnar og góðir stjórnarhættir.

50. gr.

Skýrsla stjórnar.

Í skýrslu stjórnar skal koma fram yfirlit um starfsemi sjóðsins á árinu, svo og upplýsingar um atriði er mikilvæg eru við mat á fjárhagslegri stöðu sjóðsins og breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris á reikningsárinu sem ekki koma fram annars staðar í ársreikningnum. Í skýrslu stjórnar skal ennfrumur upplýst um eftirfarandi:

1. atburði eftir uppgjörssdag sem hafa verulega þýðingu,
2. væntanlega þróun sjóðsins,
3. aðgerðir sem hafa þýðingu fyrir framtíðarþróun hans,
4. mögulega óvissu við mat eða óvenjulegar aðstæður sem kunna að hafa áhrif á það og, eftir því sem við á, tilgreina fjárhæðir og
5. stjórnarhætti, sbr. 51. gr.

51. gr.

Stjórnarhættir.

Lífeyrissjóður skal árlega birta yfirlýsingu um stjórnarhætti sína í sérstökum kafla í skýrslu stjórnar.

Í yfirlýsingu skal að lágmarki koma fram eftirfarandi:

1. Tilvísanir í þær reglur, leiðbeiningar, handbækur og önnur gögn um stjórnarhætti sem lífeyrissjóðurinn fylgir eða fylgja ber samkvæmt lögum og reglum og upplýsingar um hvar slík gögn eru aðgengileg almenningi. Viki lífeyrissjóður frá reglum eða öðru skv. þessum málslið í heild eða að hluta skal greina frá því hver frávikin eru og ástæðu fráviksins.
2. Lýsing á helstu þáttum innra eftirlits og áhættustýringarkerfa lífeyrissjóðsins.

3. Lýsing á samsetningu og starfsemi stjórnar, framkvæmdastjórnar og eftirlitsstjórnar og nefnda þeirra.

VIII. KAFLI
Gildistökuákvæði.
52. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 5. mgr. 40. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997. Reglurnar öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við gerð ársreikninga fyrir árið 2015. Jafnframt falla úr gildi reglur um gerð ársreikninga lífeyrissjóða, nr. 55/2000.

Við gildistöku þessara reglna er lífeyrissjóði heimilt að endurflokka verðbréf í eigu sjóðanna til samræmis við breyttar matsreglur skv. V. kafla reglnanna. Breyti lífeyrissjóður um matsaðferð á grundvelli ákvæða þessara reglna skal gera breytingar á þeim liðum í ársreikningnum sem aðferðin hefur áhrif á, svo og breyta samanburðarfjárhæðum til samræmis við hina nýju aðferð, sbr. 6. mgr. 5. gr. þessara reglna. Gera skal grein fyrir slíkum breytingum í skýringum.

Fjármálaeftirlitinu, 11. mars 2015.

Jón Þór Sturluson.

Rúnar Guðmundsson.

VIÐAUKI I

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 20xx

	Skýr.	20xx	20xx - 1
1 Iðgjöld			
1.1 Iðgjöld sjóðfélaga		0	0
1.2 Iðgjöld launagreiðenda		0	0
1.3 Réttindaflutningur og endurgreiðslur		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
1.4 Sérstök aukaframlög		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
2 Lífeyrir			
2.1 Heildarfjárhæð lífeyris		0	0
2.2 Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs		0	0
2.3 Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris		0	0
2.4 Tryggingakostnaður		0	0
2.5 Eftirlaun frá Tryggingastofnun		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
3 Hreinar fjárfestingartekjur			
3.1 Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum		0	0
3.2 Hreinar tekjur af skuldabréfum		0	0
3.3 Hreinar tekjur af afleiðusamningum		0	0
3.4 Vaxtatekjur af bundnum bankainnstæðum		0	0
3.5 Hreinar tekjur af fjárfestingum í íbúðarhúsnæði		0	0
3.6 Aðrar fjárfestingartekjur			
3.6.1 Vaxtatekjur af handbæru fé		0	0
3.6.2 Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum		0	0
3.6.3 Ýmsar fjárfestingartekjur		0	0
3.7 Fjárfestingargjöld		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
4 Rekstrarkostnaður			
4.1 Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
5 Aðrar tekjur		0	0
6 Önnur gjöld		0	0
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris		0	0
Hrein eign frá fyrra ári		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok		<u>0</u>	<u>0</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 20XX

	Skýr.	20xx	20xx - 1
EIGNIR			
1 Fjárfestingar			
1.1 Eignarhlutir í félögum og sjóðum		0	0
1.2 Skuldabréf		0	0
1.3 Afleiðusamningar		0	0
1.4 Bundnar bankainnstæður		0	0
1.5 Fjárfestingar í íbúðarhúsnæði		0	0
1.6 Aðrar fjárfestingar		0	0
		<hr/>	<hr/>
		0	0
2 Kröfur			
2.1 Kröfur á dóttur- og hlutdeildarfélög		0	0
2.2 Kröfur á launagreiðendur		0	0
2.3 Fyrirframgreiddur kostnaður og áunnar tekjur		0	0
2.4 Aðrar kröfur		0	0
		<hr/>	<hr/>
		0	0
3 Ýmsar eignir			
3.1 Óefnislegar eignir		0	0
3.2 Varanlegir rekstrarfjármunir		0	0
3.3 Aðrar eignir		0	0
		<hr/>	<hr/>
		0	0
4 Handbært fé		<hr/>	<hr/>
		0	0
Eignir samtals		<hr/> <hr/>	<hr/> <hr/>
		0	0
SKULDIR			
5 Viðskiptaskuldir			
5.1 Skuldir við dóttur- og hlutdeildarfélög		0	0
5.2 Skuldir við lánastofnanir		0	0
5.3 Afleiðuskuldir		0	0
5.4 Ógreiddur gjaldfallinn lífeyrir		0	0
5.5 Áfallinn kostnaður og fyrirframinnheimtar tekjur		0	0
5.6 Aðrar skuldir		0	0
		<hr/>	<hr/>
Skuldir samtals		<hr/>	<hr/>
		0	0
Hrein eign til greiðslu lífeyris		<hr/> <hr/>	<hr/> <hr/>
		0	0
6 Skuldbindingar utan efnahags			

Sjóðstreymi árið 20XX

	Skýr.	20xx	20xx - 1
1 Inngreiðslur			
1.1 Iðgjöld		0	0
1.2 Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum		0	0
1.3 Aðrar inngreiðslur		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
2 Útgreiðslur			
2.1 Lífeyrir		0	0
2.2 Rekstrarkostnaður		0	0
2.3 Fjárfesting í rekstrarfjármunum		0	0
2.4 Aðrar útgreiðslur		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga		0	0
3 Fjárfestingarhreyfingar			
3.1 Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum		0	0
3.2 Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum		0	0
3.3 Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum		0	0
3.4 Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa		0	0
3.5 Keypt skuldabréf		0	0
3.6 Seld skuldabréf		0	0
3.7 Uppgjör afleiðusamninga		0	0
3.8 Ný bundin innlán		0	0
3.9 Endurgreidd bundin innlán		0	0
3.10 Keypt íbúðarhúsnaði		0	0
3.11 Selt íbúðarhúsnaði		0	0
3.12 Innborgaðar tekjur vegna reksturs íbúðarhúsnaðis		0	0
3.13 Gjöld vegna reksturs íbúðarhúsnaðis		0	0
3.14 Keyptar aðrar fjárfestingar		0	0
3.15 Seldar aðrar fjárfestingar		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
4 Hækkun (lækkun) á handbæru fé		0	0
5 Gengismunur af handbæru fé		0	0
6 Handbært fé í upphafi árs		<u>0</u>	<u>0</u>
7 Handbært fé í lok árs		<u>0</u>	<u>0</u>

Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu samtryggingardeildar 31. desember 20xx

Tryggingafræðileg staða	20xx		
	Áfallin Skýr. skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Eignir:			
Hrein eign til greiðslu lífeyris			
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa			
Mismunur á bókfærðu verði og matsvirði skráðra hlutabréfa			
Núvirði framtíðarfjárfestingarkostnaðar			
Núvirði framtíðarretrarkostnaðar			
Núvirði framtíðariðgjalda			
Eignir samtals	0	0	0
Skuldbindingar:			
Ellilífeyrir			
Örorkulífeyrir			
Makalífeyrir			
Barnalífeyrir			
Skuldbindingar samtals	0	0	0
Eignir umfram skuldbindingar	0	0	0
Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok	-	-	-
Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun	-	-	-
		20xx - 1	
	Áfallin skuldbinding	Framtíðar skuldbinding	Heildar skuldbinding
Eignir:			
Hrein eign til greiðslu lífeyris			
Mismunur á bókfærðu verði og núvirði skuldabréfa			
Mismunur á bókfærðu verði og matsvirði skráðra hlutabréfa			
Núvirði framtíðarfjárfestingarkostnaðar			
Núvirði framtíðarretrarkostnaður			
Núvirði framtíðariðgjalda			
Eignir samtals	0	0	0
Skuldbindingar:			
Ellilífeyrir			
Örorkulífeyrir			
Makalífeyrir			

Barnalífeyrir	<u> </u>	<u> </u>	<u> </u>
Skuldbindingar samtals	<u> 0</u>	<u> 0</u>	<u> 0</u>
Eignir umfram skuldbindingar	<u> 0</u>	<u> 0</u>	<u> 0</u>
Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok	-	-	-
Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun	-	-	-

B-deild – Útgáfud.: 13. apríl 2015